


Starfsáætlun leikskóla skólaárið 2024-2025

Virðing - Lýðræði - Samfélag



Hulduheimar

Um skólann

Leikskólinn Hulduheimar opnaði 14. nóvember 2006. Í Hulduheimum geta 114 börn dvalið samtímis á 6 deildum. Við skólann starfa um 38 starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum.

Opnunartími leikskólans: Mán- fim: 7:45-16:15/ Fös: 7:45-14.

Leikskólinn er rekinn af sveitarfélaginu Árborg og heyrir undir fjölskyldusvið. Stjórnendateymi leikskólans er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex deildarstjórar. Leikskólinn vinnur samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskólastarf og byggir innra starf á Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Árborgar.

Skóladagatal árið [2024-2025](#)

Stutt samantekt frá leikskólastjóra

Helstu verkefni skólaársins 2023-2024

Hulduheimar tóku þátt í samstarfsverkefni allra leikskólanna í Árborg ásamt fjölskyldusviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Unnið var að þróunarverkefni með aðferðum starfendarannsókna þar sem tilgangurinn var að skoða hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla. Markmið verkefnisins var þrjúþætt;

- Að stuðla að farsæld barna með því að þróa leiðir til að efla félags- og tilfinningafærni og hæfni þeirra í leik og daglegu starfi og hlúa að vináttu þeirra og samskiptum.
- Hlusta á sjónarmið barnanna og kynnast margvíslegum aðferðum og leiðum til að ná fram sjónarmiðum og áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik sem lið í innra mati leikskólans.
- Leggja áherslu á að byggja upp farsælt samstarf milli foreldra og starfsfólks í leikskólum.

Hver og einn leikskóli átti að finna sitt áherslusvið þar sem starfsfólk myndi skoða sína starfshætti. Þar sem innleiðing forvarnarverkefnisins *Vináttu* stóð enn yfir var ákveðið að starfsfólk Hulduheima skoðaði hvernig það gæti eflt félags- og tilfinningahæfni barna með aðferðum *Vináttu* og um leið frætt foreldra um okkar aðferðir. Samhliða starfendarannsókninni fékk starfsfólk fræðsluefni og fyrirlestra sem var allt í samræmi við markmið verkefnisins.

Einn liður í að bæta starfið með það í huga að hlúa að aukinni farsæld og vellíðan barnanna var sú að starfsfólkið færi í eitt neysluhlé yfir daginn í staðinn fyrir tvö. Þá var hægt að skapa meira rými fyrir leikinn og skipulagt starf og viðvera starfsfólks stöðugri inn á deild. Eftir lauslegt mat og umræður var ákveðið var að halda þessu fyrirkomulagi áfram á nýju skólaári.

Innleiðing samskiptasáttmálans okkar var í gangi allt skólaárið. Sáttmálinn skiptist í 6 gildi (umhyggja, virðing, traust, jákvæðni, umburðarlyndi og hugrekki) og var eitt fókusgildi og dýpkun á því í kynningu í einu. Fjögur af gildunum eru einnig gildi í *Vináttu* svo að börnin læra að þekkja þau.

Fjórtán starfsmenn fóru í námsferð til Dublin á Írlandi í apríl, skoðuðu þar 2 leikskóla og fóru á námskeið í jákvæðri sálfræði. Starfsfólkið sem var eftir heima heimsótti leikskóla hér í Árborg, las fræðsluefni og sat netnámskeið.

Í maí útskrifuðust 24 börn úr Hulduheimum við hátíðalega athöfn í Sunnulækjarskóla. Þau fóru svo í skemmtilega útskriftarferð á Eyrarbakka með strætó og var ferðin vel heppnuð í alla staði.

Breytingar urðu á vorskóla þetta árið en nú var það eingöngu í höndum foreldra að fara með börnin sín í vorskólann. Heimsóknir milli skólastiga höfðu þó haldið sér samkvæmt áætlun yfir veturinn.

Á skólaárinu voru nokkur teymi starfandi innan starfsmannahópsins. Það var samskiptateymi (unnu að innleiðingu samskiptasáttmálans), Vináttuteymi (höfðu samráð um vinnu með Vináttuverkefnið), leikefnisteymi (unnu að samræmingu á grunnefnivið á deild samkvæmt leikefnisstefnu Hulduheima), matsteymi (sáu um innra mat leikskólans), öryggisteymi (sáu um að vinna að öryggismálum innan leikskólans) og lausnarleitarfundir (deildarstjórar ásamt aðstoðaleikskólastjóra og sérkennslustjóra hittust reglulega til að leita leiða og lausna í vinnu með einstaka börnum- metið hvort ætti að leita til sérfræðinga).

Við héldum áfram að framfylgja umbótaáætlun sem gerð var samkvæmt niðurstöðum Ytra mats Menntamálastofnunar vorið 2022. Nokkrir umbótaþættir eru enn í vinnslu. Þar má helst nefna endurskoðun á skólanámskrá Hulduheima og að yfirfara læsisstefnu Hulduheima en ekki er hægt að fullgera þessa tvo þætti fyrr en ný Menntastefna Árborgar og læsisstefna Árborgar eru útgefnar.

Áherslur skólaársins 2024-2025

- Áframhaldandi innleiðing *Vináttu* m.a. með framhaldsnámskeiði fyrir starfsfólk og foreldranámskeið. Bæta efnivið sem styðja við *Vináttu* s.s. bókakost.
- Áframhaldandi innleiðing Samskiptasáttmála Hulduheima.
- Styrkja grunnstoðir okkar, stefnu og grunnþætti í leikskólastarfinu.
- Efla frjálsa leikinn í samræmi við endurbætta aðalnámskrá s.s. hlutverk kennara og annars starfsfólks. Skoða betur nám í leik með leikskráningum og myndbandsupptökum.

- Taka þátt í innleiðingu á nýrri Menntastefnu Árborgar *Vegur til visku og velferðar* og byrja á að efla faglegt lærdómssamfélag.
- Vinna að nýrri skólanámskrá Hulduheima.

Öryggismál

Í Hulduheimum starfar öryggisteymi sem samanstendur af öryggisverði (aðstoðarleikskólastjóri) og öryggistrúnaðarmanni (leikskólakennari). Öryggisteymið sér um að gera áhættumat fyrir vinnustaðinn og sjá til þess að öryggisatriðum fyrir starfsfólk sé fylgt. Teymið sér einnig um (ásamt leikskólastjóra) að stuðlað sé að öryggi barna í leikskólanum. Stuðst er við *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Öryggisteymið mun vinna að því að uppfæra áhættumat á þessu skólaári. Í starfsmannahandbók er sérstakur kafli um öryggismál þar sem til er tekið allt sem lítur að öryggismálum.

Dagleg lóðarskoðun fer fram þar sem rusl er hreinsað af lóðinni og eins hvort einhverjar skemmdir hafa orðið á lóð, húsnæði eða leiktækjum. Deildar skiptast á um þessa skoðun og skráningar gerðar.

Úttekt á lóð og húsnæði leikskólans er gerð reglulega af opinberum aðilum og eftir slíkar úttektir er úrbótum fylgt eftir (ef þörf er á) af sveitarfélaginu Árborg og leikskólastjóra. Slökkviliðið kemur og heimsækir elstu börn á hverju skólaári og virkjar börnin í að taka þátt í brunavörnum. Samskiptasáttmáli Hulduheima hefur verið í innleiðingu og er hann gerður til að stuðla að betra félagslegu og andlegu vinnuumhverfi fyrir alla aðila innan skólasamfélagsins.

Leikskólar Árborgar hafa útbúið sameiginlega áfalla- og slysaáætlun og er allt stjórnendateymið í áfallateymi sem þýðir að ef á þarf að halda heldur teymið fund. Slysaskráningar eru gerðar ef börn eða starfsfólk verða fyrir áverka. Leikskólinn er einnig með ýmsar aðrar viðbragðsáætlanir s.s. rýmingaráætlun, viðbrögð vegna gruns um einelti meðal barna annars vegar og starfsfólks hins vegar. Hægt er að sjá áfalla og slysaáætlun, rýmingaráætlun og aðrar öryggisáætlanir á heimasíðu leikskólans hulduheimar.arborg.is

Faglegar áherslur-stefna skólans

Einkunnarorð leikskólans eru *Virðing- lýðræði- samfélag*.

Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey en grunnhugmyndir uppeldisstefnu hans byggjast á því að börn læra með því að framkvæma sjálf og mynda með því eigin reynslu. Í áframhaldandi námi byggja þau ofan á reynslu sína. Börn eru

hvött til að prófa sig áfram í ýmsum aðstæðum, efla sjálfshjálp og finna sín mörk allt eftir aldri og þroska.

Megin kennsluaðferð leikskólans er könnunaraðferðin (e.project approach). Það er námsaðferð sem er notuð með börnum frá 3 ára aldri en tilgangur hennar er að skoða viðfangsefni ofan í kjölinn. Viðfangsefnin ráðast af áhuga barnanna og þeim þekkingarheimi sem þau búa við. Börnin víkka út þekkingu og reynslu sína með umræðum og rannsóknum. Hlutverk kennarans er að styðja við börnin í þekkingarleitinni, efla félagshæfni þeirra og tengja námið saman við námssvið leikskólans (skv. Aðalnámskrá). Börn yngri en 3 ára eru einnig hvött til rannsóknarnáms og er þar könnunarleikur vinsæll en þá fá börnin að vinna með og kanna ólíkan efnivið.

Hulduheimar er Vináttuleikskóli sem þýðir að við styðjumst við námsefni byggt á hugmyndafræði *Vináttu* sem Barnaheill hefur gefið út. *Vináttu* felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum (sjá heimasíðu Barnaheilla).

Símenntunaráætlun starfsfólks 2024-2025 má sjá [hér](#).

Mat og umbætur

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, innra- og ytra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat á starfi leikskólans fer fram með ýmsum hætti m.a. á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem stjórnendateymi fer yfir stöðu mála. Spurningarlistar eru einnig lagðir fyrir foreldra og leitast er eftir álit barna með umræðum í samverustundum, matslistum og einstaka sinnum með rýnihópum. Ýmiskonar skráningar í leikskólastarfinu er einnig hluti af innra mati. Á skipulagsdögum er einnig unnið að mati á skólastarfinu jafnframt því að endur- og símenntun starfsmanna er sinnt. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Því er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Vegna þess hve skólastarfið er umfangsmikið er ekki hægt að skoða alla þætti á sama tíma. Til þess að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins er gerð langtíma matsáætlun sem gildir í nokkur ár í senn þar sem matsþáttum er skipti niður. Nánari

Útfærsla er svo í matsáætlun fyrir hvert skólaár en þáttum bætt við eftir áherslum í starfinu hverju sinni. Samhliða innleiðingu nýrrar menntastefnu er verið að innleiða nýtt matskerfi ásamt viðmiðum um gæði í leikskólastarfi. [Á heimasíðu leikskólans](#) má sjá skýrslu um innra mat skólaárið 2023-2024 ásamt umbótaáætlun skólaársins 2024-2025 þar sem byggist aðallega á niðurstöðum úr innra mati fyrra skólaárs. Eins má þar sjá nýjustu matsáætlun.

Foreldrasamstarf

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldraráð hefur það hlutverk að fylgjast með og gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrár og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins sér um að stuðla að góðum skólaanda með því að standa fyrir skemmtilegum uppákomum og viðburðum fyrir börnin með eða án foreldra og að efla tengslin í skólasamfélaginu. Foreldrafélagið getur líka staðið fyrir að koma á umræðu og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál. Þrír fulltrúar sitja nú í foreldraráði og þrír í stjórn foreldrafélagsins. Foreldrafélagið bauð meðal annars upp á páskaeggjaleit um páskana á síðasta skólaári, gáfu gjöf til útskriftarnemenda og skipulagði vorhátíð leikskólans.

Foreldrar nýrra nemenda voru boðaðir í einkaviðtöl við deildarstjóra áður en aðlögun hófst þar sem vel er farið yfir starfsemi deildarinnar. Önnur foreldraviðtöl eru tekin tvisvar sinnum yfir árið (eitt á hvorri önn) og er þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil séu sem nýjastar. Teymisfundir vegna barna sem eru með greiningu eða þurfa sérstakt utanumhald eru haldir reglulega yfir skólaárið eða eins og þurfa þykir.

Deildarstjórar senda kynningarbréf til foreldra að hausti í tölvupósti þar sem farið er almennt yfir starfsemi deildarinnar á skólárinu en mánaðarlega eru send út fréttabréf um það sem er framundan.

Á síðasta skólaári var foreldrum tvisvar boðið í kaffi en einnig buðu deildir í heimsóknir t.d. á Degi leikskólans. Einhverjar deildir buðu foreldrum í Blæstund og allar deildir buðu foreldrum á sýningu að vori. Foreldrar og fleiri aðstandendur elstu barna voru viðstödd útskrift að vori sem haldin var í Sunnulækjarskóla. Sami háttur verður á þessu skólaári.

Fjölskyldusvið Árborgar stóð fyrir ókeypiss íslenskunámskeiði fyrir foreldra leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn sem hófust í febrúar 2024 og voru í nokkur skipti. Boðið var upp á málörvun fyrir börn þátttakenda á meðan námskeiði stóð en óskað var eftir starfsfólki leikskólanna til að sinna því. Nokkrir foreldrar úr Hulduheimum sátu námskeiðið og nokkrir starfsmenn úr Hulduheimum sinntu kennslu fyrir börnin. Á nýju skólaári stendur til að halda Vináttu námskeið fyrir foreldra í Hulduheimum.

Á heimasíðu leikskólans má sjá áherslur Hulduheima í [foreldrasamstarfi](#).

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn tengist hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að leikskólarnir séu að stefna að sama markinu og því ýmsir samráðshópar starfandi:

- Fagteymi leik- og grunnskóla hélt áfram að funda og hélt utan um að brúa bilið milli skólastiga. Einn deildarstjóri frá Hulduheimum situr í því teymi.
- Aðstoðarleikskólastjóri sat í teymi um mótun læsisstefnu Árborgar og einn leikskólakennari sat í teymi að vori til að skipuleggja fræðsludag Árborgar haustið 2024.
- Fjölmeningarteymi hélt áfram að funda en í því sitja 1-2 fulltrúar frá hverjum leikskóla og vinna með verkefnastjóra fjölmeningar að eflingu faglegs starfs með fjöltyngdum fjölskyldum. Sérkennslustjóri Hulduheima sat í fjölmeningarteymi. Á nýju skólaári verður einn deildarstjóri í fjölmeningarteymi en sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri til vara.
- Nokkrir starfsmenn í Hulduheimum tóku þátt í að halda íslenskunámskeið fyrir foreldra og sáu um kennslu fyrir börnin á meðan foreldrar sátu námskeið.
- Lausnarteymisfundir- sérfræðingar frá fjölskyldusviði komu á 6-8 vikna fresti, ræddu mál einstakra barna. Til að taka fyrir mál á þessum fundum þurfti samþykki foreldra og senda inn formlega beiðni.
- Leikskólastjórar í Árborg hittust hálfsmánaðarlega en aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjórar mánaðarlega.

Eins og áður sagði fór fram samstarfsverkefni á síðasta skólaári milli allra leikskóla í sveitarfélaginu Árborg, fjölskyldusviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Verkefnið bar heitið „Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla?“.

Einn nemi var í starfstengdu námi og var aðstoðarleikskólastjóri hans leiðbeinandi og því samvinna við Háskóla Íslands því tengt.

Farsæld nemenda

Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna felur farsæld barna í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Í Hulduheimum er það gert með þessum hætti:

- Einstaklingsmiðað nám- unnið er með hvern nemenda eins og þeir eru staddir. Hugað að undirstöðuatriðum eins og hreyfingu, næringu og svefni.
- Agastefna- áætlun um samræmd viðbrögð við hegðun. Áhersla á að fyrirbyggja erfiða hegðun með því að huga að grunnþörfum, gefa börnum val, gefa skýr skilaboð og huga að markvissri félagsfærniþjálfun.
- Félagsfærniþjálfun s.s. Vinátta, ART, Bína bálreiða, félagsfærnisögur.

- Skráningar og mat á þroska barna s.s. TRAS, Orðaskil, HLJÓM-2.
- Samskiptasáttmáli Hulduheima nær utan um allt skólasamfélagið.
- Snemmtæk íhlutun. Á lausnarleitarfundum geta deildarstjórar borið upp áhyggjur eða vangaveltur varðandi einstaka börn hvort sem það kemur frá starfsfólki eða foreldrum og þar eru fundin úrræði sem unnið er með áður en tekin er ákvörðun um að visa málinu lengra.
- Stuðst er við [handbók](#) um fjölmennningarlega menntun í Sveitarfélaginu Árborg í vinnu með börn og fjölskyldur með fjölmennningarlegan bakgrunn. Í Hulduheimum hafa verið u.þ.b 12% barna með fjölmennningarlegan bakgrunn og fengið sérstaka þjálfun í íslensku.

Sérkennslustjóri er tengiliður farsældar og heldur utan um snemmtæka íhlutun og teymi utan um börn með sérstuðning. Frekari upplýsingar um [farsæld](#) barna er á heimasíðu leikskólans.

Kristrún Hafliðadóttir

Leikskólastjóri Hulduheima